**Fundargerð**

**516. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, þriðjudaginn 25. febrúar 2025.**

**Fundinn sátu:**
Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 9.07.

**Fundargerðir:**

1. 2502002F - Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5.Lögð fram fundargerð 5. fundar Skipulags- og umhverfisráðs frá 17. febrúar 2025.

1.1 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

*Málinu frestað.*

**Lagt fram.**

1.2 2403010 - Efri Vík -Selhólavegur skilmálabreyting

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

*Málinu frestað.*

**Tekið fyrir eftir grenndarkynningu óveruleg breyting á deiliskipulagi Efri Víkur. Grenndarkynningin var auglýst með athugasemdafrest til 15. janúar 2025, engar athugasemdir bárust. Breytingin fjallar um að bætt er við byggingarreit fyrir 300 m$^2$ skemmu á lóðinni Selhólavegur 2 (L224927) og gerður vegur og kvöð um aðkomu gegnum Selhólaveg 4 (L226329).**

**Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.**

1.3 2203005 - Snæbýli 1 - dsk ferðaþjónusta

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

*Málinu frestað.*

**Lagt fram.**

1.4 1906004 - Deiliskipulag Efri Ey II og III

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

*Málinu frestað.*

**Lagt fram.**

1.5 2302029 - Deiliskipulag Núpum - Breyting

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

*Málinu frestað.*

**Lagt fram.**

BHS SHí GBJ AG JG.

1.6 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

Málinu frestað.

**Lagt fram.**

1.7 2409004 - Giljaland, breyting á deiliskipulagi

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

Málinu frestað.

**Lagt fram.**

1.8 2403007 - Dalbæjarstapi deiliskipulag

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

Málinu frestað.

**Lagt fram.**

1.9 2410017 - Laki deiliskipulag

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

*Skipulags- og umhverfisráð leggur áherslu á að byggingar falli vel að landslagi hvað varðar lit og efnisval.*
*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

1.10 2409010 - Deiliskipulag Kirkjubæjarklaustur, skipulagslýsing

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að tekið verði tillit til þeirra athugasemda og umsagna sem bárust við lýsinguna við áframhaldandi tillögugerð eins og fram kemur í viðbragðaskjali við umsögnum og athugasemdum.*

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

1.11 2501013 - Rangárþing eystra

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti. Ráðið leggur til að skoðað verði hvort hægt sé að bæta ásýnd Skógafoss með því að grisja skógrækt sem er í nágrenni fossins.*

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

1.12 2501009 - Minjastofnun Íslands

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

*Lagt fram til kynningar. Skipulags- og umhverfisráð fagnar erindinu.*

**Lagt fram.**

BHS
Smí. AL GBS JG.

1.13 2501002 - EP Power Minerals Iceland ehf.

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

Lagt fram til kynningar.

**Lagt fram.**

1.14 2502007 - Hrífunes-Breyting á fjárhúsi í gistihús-fyrirspurn um byggingaráform

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

Skipulags- og umhverfisráð tekur vel í erindið, en bendir á að gera þarf breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

1.15 2502008 - Tjarnargígur deiliskipulag

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 5**

Skipulags- og umhverfisráð leggur áherslu á að byggingar falli vel að landslagi hvað varðar lit og efnisval.
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði auglýst skv. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs.**

2. 2502021 - Velferðarráð Skaftárhrepps

*Lögð fram fundargerð 6. fundar Velferðarráðs Skaftárhrepps frá 6. febrúar 2025.*

**Lagt fram til kynningar.**

3. 2502030 - Byggingarnefnd um nýjan leikskóla

*Lögð fram fundargerð 3. fundar Byggingarnefndar um nýjan leikskóla frá 30. janúar 2025 ásamt teikningum af nýjum leikskóla.*

**Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögur af leikskóla og samþykkir jafnframt að fela sveitarstjóra að útbúa útboðsgögn fyrir jarðvegsvinnu og uppsteypu á gólfplötu og bjóða verkið út. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að haldinn verði kynningarfundur um byggingu á nýjum leikskóla.**

4. 2502020 - Ungmennaráð Skaftárhrepps

*Lögð fram fundargerð 4. fundar Ungmennaráðs Skaftárhrepps frá 7. janúar 2025.*

**Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps tekur undir bókun Ungmennaráðs vegna heimavistar Fjölbrautarskóla Suðurlands.**

BHS
Svi Al
JS. GBJ

5. 2502019 - Fjallskilanefnd Landbrots- og Miðafréttar

*Lögð fram fundargerð Fjallskilanefndar Landbrots- og Miðafréttar frá 8. febrúar 2025 ásamt uppgjöri fjallskila.*

**Lagt fram til kynningar.**

6. 2502024 - Fjallskilanefnd Austur-Síðu afréttar og Fljótshverfis

*Lögð fram fundargerð Fjallskilanefndar Austur-Síðu og Fljótshverfis frá 21. janúar 2025 ásamt uppgjöri.*

**Lagt fram til kynningar.**

Ljóst er að skerpa þarf á hlutverki og skyldum fjallskilanefnda sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að boða allar fjallskilanefndir sveitarfélagsins til sameiginlegs fundar um málefni nefndanna.

7. 2502009 - Arnardrangur hses.

*Lögð fram fundargerð 21. stjórnarfundar Arnardrangs hses. frá 27. janúar 2025.*

**Lagt fram til kynningar.**

8. 2502010 - Bergrisinn bs.

*Lögð fram fundargerð 81. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 27. janúar 2025.*

**Lagt fram til kynningar.**

9. 2502011 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

*Lögð fram fundargerð 618. fundar stjórnar SASS frá 24. janúar 2025.*

**Lagt fram til kynningar.**

10. 2502014 - Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum

*Lögð fram fundargerð 78. fundar stjórnar samtaka á köldum svæðum frá 15. janúar 2025.*

**Lagt fram til kynningar.**

11. 2502017 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

*Lögð fram fundargerð 88. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) frá 27. janúar 2025.*

**Lagt fram til kynningar.**

BHS

12. 2502018 - Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

*Lögð fram fundargerð 242. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 11. febrúar 2025.*

**Lagt fram til kynningar.**

**Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:**

13. 2502001 – Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 3. febrúar 2025, umsagnarbeiðni vegna breytingu á gildandi rekstrarleyfis Adventure Hotels ehf. Sótt er um leyfi til að breyta rekstrarleyfi gististaðar í flokki IV-A Hótel. Staðsetning gististaðarins er Hótel Geirland.*

**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

14. 2502012 - Trúnaðarmál

*Lagt fram bréf, dagsett 17. febrúar 2025, frá CanAM Iceland Hill Rally 2025.*

**Oddviti gerði grein fyrir málinu. Fundinum lokað undir þessum dagskrálið.**
**Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafna erindinu. Er sú höfnun aðallega byggð á umgengi mótshaldara við keppnisleiðir á síðasta ári.**

15. 2502013 - Samband íslenskra sveitarfélaga

*Lagt fram bréf, dagsett 20. febrúar 2025, þar sem boðað er til Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem verður haldið 20. mars 2025 á Hilton Reykjavík Nordica.*

**Lagt fram til kynningar. Jóhannes Gissurarson, oddviti og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri munu sækja Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

16. 2502015 - Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

*Lagt fram bréf, dagsett, 11. febrúar 2025 frá Lánasjóði sveitarfélaga, þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn sjóðsins.*

**Lagt fram til kynningar.**

17. 2502022 - Málstefna Skaftárhrepps

*Lögð fram drög af málstefnu Skaftárhrepps.*

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi málstefnu fyrir Skaftárhrepp.**

BHS
Sni. Ah
JG. GBS

18. 2502023 - Lántaka

*Ósk um lántöku skv. fjárhagsáætlun ársins 2025.*

**Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:**
**Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 100.000.000,- á fyrri hluta ársins 2025 með þeim lánaskilmálum sem býðst á þeim tíma sem lántaka fer fram.**

**Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.**

**Er lánið tekið til viðhaldsverkefna, fyrsta áfanga við nýframkvæmdir við grunnskóla og leikskóla, með lántökunni sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.**

**Jafnframt er Einari Kristjáni Jónssyni kt. 150371-5119, sveitarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.**

19. 2502025 - Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps

*Lögð fram húsnæðisáætlun Skaftárhrepps 2025.*

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn staðfestir samhljóða fyrirliggjandi Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps fyrir árið 2025.**

20. 2502026 - Félagsheimilið Kirkjuhvoll

*Óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til að auglýsa rekstur á Félagsheimilinu Kirkjuhvoli til langtímaleigu.*

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að auglýsa Félagsheimilið Kirkjuhvol til reksturs og leggja niðurstöður þeirrar auglýsingar fyrir sveitarstjórn.**

21. 2502027 - Karlakór Rangæinga

*Lagt fram bréf frá Karlakór Rangæinga, dagsett 18. febrúar 2025. Þar sem óskað er eftir styrk vegna 35 ára starfsafmælis kórsins.*

**Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja Karlakór Rangæinga um 20.000 krónur.**

BHS

22. 2502028 - Miðstöð slysavarna barna

*Lagt fram bréf frá Miðstöð slysavarna barna, dagsett 29. janúar 2025, þar sem óskað er eftir fjárstuðningi við gerð fræðslu myndbands.*

**Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja Miðstöð slysavarna barna um 30.000 krónur vegna gerð myndbands um slysavarnir.**

**Skýrsla sveitarstjóra**

23. 2502029 - Skýrsla sveitarstjóra

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir störfum sínum eins og fram kom á fundinum. Sveitarstjóri greindi frá þeim framkvæmdum sem nú stæðu yfir.**
**Jafnframt óskaði sveitarstjóri eftir samþykkt sveitarstjórnar Skaftárhrepps að hann fengi að fara í samstarf við Rarik um áframhaldandi leit að heitu vatni í sveitarfélaginu, sveitarstjórn samþykkti samhljóða, þessa heimild til handa sveitarstjóra.**

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 13:00.

Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason

Gunnar Pétur Sigmarsson

Auður Guðbjörnsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson